

Fundargerð 122. fundar

fræðslumálanefndar sambandsins

Árið 2019, miðvikudaginn 13. nóvember kl. 12:00 kom fræðslumálanefnd sambandsins saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Anna Magnea Hreinsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Helgi Arnarson, Margrét Halldórsdóttir og Skúli Þór Helgason.

Að auki sátu fundinn: Klara Eiríka Finnbogadóttir sérfræðingur, Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur, Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi, Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir lögfræðingur og Þórður Kristjánsson sérfræðingur í skólamálaum, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Skólaþing sveitarfélaga 2019 - 1905025SA

Skólaþing sveitarfélaga 2019 fór fram á Grand hóteli 4. nóvember. Skólamálafulltrúi greindi frá framkvæmd og afrakstri þingsins og undirbúningi skýrslu með niðurstöðum umræðuhópa og ráðstefnumati. Valgerður F. Ágústsdóttir fór yfir helstu niðurtöður ráðstefnumats.

Fram kom að unnt var að endurheimta talsvert af erindum og gögnum þingsins þrátt fyrir bilun í tæknibúnaði og vandkvæði í upphafi. Send verður út frétt á vef sambandsins þegar þeirri vinnu er lokið með tengli inn á efnið: <https://www.samband.is/verkefningin/skolamal/skolathing-og-malstofur/skolathing-2019> Verið er að leggja lokahönd á niðurstöður úr umræðum og verða þær uppistaðan í skýrslu skólaþingsins.

Það er mat fræðslumálanefndar, sem staðfest er í ráðstefnumati, að skólaþingið hafi verið vel heppnað og almenn ánægja með efnistöð og fyrirkomulag. Leggur nefndin áherslu á að unnið verði áfram með afrakstur þingsins. Tekið var undir tillögu skólamálafulltrúa um að morgunverðarfundir sambandsins á komandi ári um skólamál væru ákjósanlegur vettvangur til áframhaldandi umræðu um tiltekna efnisþætti skólaþingsins, t.d. um framtíðarskólaskipan. Mikilvægt væri í því samhengi að leita upplýsinga hjá þeim sveitarfélögum sem unnið hafa að nýskipan skólaskipunar.

2. Morgunverðarfundir sambandsins um skólamál 2020 - 1601026SA

Rætt var um heppilegar tímasetningar og áherslur á morgunverðarfundum sambandsins um skólamál 2020.

Lagt var til að halda þrjú fundi, þann fyrsta 17. febrúar 2020 þar sem fjallað yrði um framtíðarskólann og nýskipan í skólalæsi og framhaldið umræðu frá Skólaþingi

sveitarfélaga 2019. Næsti morgunverðarfundur færir fram 20. apríl og á þeim fundi yrði fjallað um undanþágur frá skyldunámi og skólavist, heimakennslu, fjarkennslu og tvöfalda skólavist í leik- og grunnskólum. Þriðji fundur færir fram á haustmánuðum og verður efni hans ákveðið síðar.

3. Framkvæmd og innleiðingu laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórna - 1908009SA

Á grundvelli nýrra laga um menntun, hæfni og ráðningu nr. 95/2019 og aðgerða stjórnvalda til að auka nýliðun í kennarastéttum var haldinn fundur með Hafsteini Dan, lögfræðingi og sérfræðingi í stjórnsýslurétti, um ráðningar í opinber störf. M.a. kom til tals hvort sveitarfélög og skólastjórna geti ákveðið að stöður sem losna verði sérstaklega eyrnamerkta starfsnámsnemum á grundvelli aðgerða stjórnvalda um nýliðun í kennarastéttum. Fram kom að unnið er að leiðbeiningum um ráðningar á vettvangi menntamálaráðuneytis í samráði við sambandið, Menntamálastofnun og Kennarasambandið fyrir skólastjórna á grundvelli laganna sem taka gildi 1. janúar 2020

Fræðslumálanefnd lýsti yfir ánægju með þau faglegu vinnubrögð sem einkenna þessa vinnu og taldi að leiðbeiningarnar myndu gagnast skólastjórnum og vinnuveitendum vel í þessu nýja starfsumhverfi. Fram kom einnig að tryggja þyrfti stöður starfsnámsnema og var vísað til þess að fyrirmynd að ráðningu nema væri að finna hjá utanríkisráðuneytinu og í áliti Umboðsmanns Alþingis í tengslum við þær stöður.

4. TALIS 2018 - starfshættir og viðhorf kennara og skólastjórna á unglingsstigi grunnskóla - 1907013SA

Niðurstöður nýrra TALIS rannsókna, bæði á leikskólastigi og unglingsstigi grunnskólans liggja fyrir. Menntamálastofnun hefur óskað eftir ábendingum frá hagsmunaaðilum um frekari greiningarvinnu á einstaka þáttum. Áhugavert er að sjá t.d. þann mun sem birtist á ánægju kennara með eigin frammistöðu í starfi (97,1%) og mat þeirra á því hvað kostir starfsins vegi umtalsvert þyngra (85,8%) en ókostirnir á móti hversu lágt hlutfall kennarar telja starf sitt mikils metið í þjóðfélaginu (10,1%) og aðskoðanir þeirra séu teknar til greina af stefnumótunaraðilum (6%). Þá er athyglisvert að sjá þær hindranir sem kennarar telji vera í vegi þess að þeir geti sinn starfsþróun svo vel sé.

Fræðslumálanefnd taldi mikilvægt að beina sjónum að þeim hindrunum sem kennarar telja vera í vegi þess að þeir geti sinnt starfsþróun, m.a. eftir landshlutum, auk þess að skoða að hve miklu leyti kennaramenntunastofnanir, eða aðrir sem bjóða kennurum starfsþróun, væru að bregðast við þeim upplýsingum sem TALIS veitir. Þá lagði nefndin til að sambandið myndi bjóða forsvarsmönnum KÍ til fundar og ræða möguleika á samstarfi um frekari greiningu á viðhorfum kennara til neikvæðrar sýnar fjölmiðla og stefnumótenda til kennarastarfsins og heppilegast væri að fá hlutlausan aðila til að framkvæma slíka könnun.

5. Beiðni frá Grunni, félagi stjórna á skólaskrifstofum, til sambandsins -

151127SA

Í bréfi frá stjórn Grunns til fræðslumálanefndar sambandsins er þess farið á leit að sambandið taki forystu í því verkefni að útbúa líkan til viðmiðunar um útdeilingu fjármagns til skólastarfs. Tekur stjórn Grunns undir það sjónarmið sem birtist í úttekt Evrópumíðstöðvar á fjármögnun opinberrar menntastefnu, að fjármunum, sem ætlaðir eru til reksturs skóla, sé ekki skipt með nægjanlega réttlátum hætti. Mikilvægt sé að að sveitarfélög hafið aðgang að tilteknum grunnreiknilíkönnum sem byggja á samræmdri aðferðafræði.

Ákveðið var að hag- og upplýsingasvið boði stjórn Grunns til fundar til að ræða frekar þessar hugmyndirnar og aðkomu sambandsins að vinnu slíkra líkana til viðmiðunar.

Sameiginlegur fundur fræðslumálanefndar og félagsþjónustunefndar sambandsins fer fram 15. janúar og hefst kl. 11:00. Næsti reglulegi fundur fræðslumálanefndar er áætlaður 11. desember kl. 12:00

Fundi var slitið kl. 15:30

Anna Magnea Hreinsdóttir

Einar Már Sigurðarson

Helgi Arnarson

Margrét Halldórsdóttir

Skúli Þór Helgason